

SÍSL verkefni Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða

Verkefnastjóri er Hulda Karen Daníelsdóttir

Hver var hvatinn að verkefninu?

Verkefnastjórinn hefur veitt sveitarfélögum öðrum en Reykjavík ráðgjöf vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál frá janúar 2000 auk þess að sinna fjölmörgum öðrum verkefnum í Reykjavík og víðar. Helstu áherslur í starfinu voru að fræða og þjálfa grunnskólakennara (sérkennara, kennara í móttökudeildum, bekkjar- og faggreinakennara) í fjölbreyttum kennsluháttum sem snúa að íslensku sem öðru tungumáli almennt en sérstaklega þó skólaorðaforða (e. academic vocabulary).

Verkefnastjórinn lagði sig fram við að efla bekkjar- og faggreinakennara í kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál, en varð ekki eins vel ágengt og hann hefði kosið, því oftast en ekki virtist skólasamfélagið kjósa að líta svo á að það væru sérkennarar og móttökudeildir fyrst og fremst sem bæru ábyrgð á þessum nemendum.

Árið 2008 varð verkefnastjórinn verulega áhyggjufullur vegna náms og kennslu skjólstæðinga sinna, því samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 skal leggja áherslu á skóla án aðgreiningar. Í kjölfarið var mörgum móttökudeildum lokað og í mörgum tilfellum var ætlast til þess að bekkjar- og faggreinakennarar tækju að sér vinnu sem móttökudeildirnar og sérkennara höfðu áður haft á sinni könnu.

Verkefnastjórinn var þeirrar skoðunar að margir starfandi kennarar í skóla án aðgreiningar hefðu ekki yfir að ráða verkfærum sem eru nauðsynleg til að hægt sé að koma til móts við náms- og færniþarfir fjölbreytts nemendahóps í stórum bekkjardeildum og var það einmitt þessi skortur á verkfærum sem var hvatinn að því að SÍSL (sérfræðingateymi í samfélagi sem lærir) verkefninu var ýtt úr vör.

Hvernig var verkefninu hrint í framkvæmd?

Verkefnastjórinn byrjaði á því að leita uppi heildstæðar náms- og kennsluaðferðir sem höfðu, samkvæmt niðurstöðum rannsókna, gefið góða raun í skóla án aðgreiningar í Bandaríkjunum og Kanada. Fyrir valinu urðu PALS (Peer-Assisted Learning Strategies), 6+1 Trait of Writing og SIOP (The Sheltered Instruction Observation Protocol). Í kjölfarið sótti verkefnastjórinn um styrk til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Menntasviðs Reykjavíkurborgar og menntamálaráðuneytisins. Jöfnunarsjóður og ráðuneytið veittu verkefninu styrk en Reykjavíkurborg hafnaði umsókninni. Styrkurinn nam samtals þremur milljónum króna. Einnig var sótt um styrk í Þróunarsjóð innflytjendamála og veitti sjóðurinn verkefninu kr. 350.000.

Verkefnastjórinn biðlaði til skólaskrifstofa Akranes- og Mosfellsbæjar um samstarf og fór þess á leit við Akranesbæ að þar færi fram haustið 2009 námskeið um 6+1 vídd ritunar með aðkomu bandarísks sérfræðings og við Mosfellsbæ um námskeiðshald í PALS lestri, einnig með aðkomu bandarísks sérfræðings. Bæirnir voru fúsir til samstarfs og voru námskeið í PALS og 6+1 vídd ritunar haldin í september 2009. SÍSL verkefnið greiddi fyrir kennslu og komu erlendu sérfræðinganna til landsins og upphald þeirra á meðan á dvöl þeirra stóð en viðkomandi skólaskrifstofur önnuðust ljósritun á námskeiðsgögnum og veitingar á námskeiðunum.

Verkefnastjórinn fékk einnig til liðs við sig valinkunna kennara og sérfræðinga og var þeim boðið að taka þátt í verkefninu og sitja námskeiðin.

Hver var ávinningur verkefnisins?

Nú í nóvember árið 2014 hafa verið þýddar og staðfærðar **2 handbækur um PALS lestur, 3 handækur um PALS stærðfræði og 1 handbók um 6+1 vídd ritunar**. Auk þess hefur verið útbúið námsefni fyrir námskeið í *Skólaorðaforða: Hugtakaskilningi og samræðu til náms* (e. Academic Vocabulary) og hafa 5 slík námskeið verið haldin.

Fjölmörg námskeið í PALS fyrir 2.-6 bekk hafa verið haldin vítt og breitt um landið og hafa mörg hundruð grunnskólakennarar úr a.m.k. 95 skólum setið SÍSL námskeið (sjá lista í viðhengi). Þess utan hafa kennarar af öðrum skólastigum setið námskeiðin auk fulltrúa þjónustumiðstöðva eða sjálfstætt starfandi sérfræðinga.

Helsta ástæðan fyrir velgengni verkefnisins er sú að skólasamfélagið er meðvitaðra um hagnýtt gildi aðferða sem eru mikið rannsakaðar og hafa gefið góða raun erlendis og hafa því tekið SÍSL opnum örmum. Þar að auki er markvisst stefnt að því að auka lestrarfærni íslenskra grunnskólanemenda alla skólagönguna og hefur PALS lestrarleiðin þótt einstaklega vel til þess fallin.

Undir SÍSL falla einnig K-PALS námskeið sem Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar sér um að skipuleggja fyrir leikskólakennara.

Í nóvember verður haldið í Reykjavík námskeið í 6+1 vídd ritunar fyrir grunnskólakennara og annað í Verzlunarskóla Íslands því aðferðin hentar flestum skólastigum.

Hver var lærdómurinn af verkefninu?

Helsti lærdómurinn af verkefninu var að þróunarverkefni geta breyst og orðið mun umfangsmeiri en áætlað var í fyrstu og að það geti teygst úr þeim. Í upphafi átti SÍSL verkefnið að vera þriggja ára verkefni. Upphaf þess var árið 2008 og átti því að ljúka árið 2011, en í dag er það enn í fullum gangi. Einnig sýndi það sig að sannfæring, einlægni, vönduð undirbúningsvinna og velgrunduð hugmyndafræði á bak við verkefnið skipti sköpum þegar það var kynnt skólasamfélaginu og mögulegum samstarfsaðilum. SÍSL verkefnið heldur áfram og í haust verður leitað eftir styrkjum til að fjármagna útlagðan kostnað þýðingar á PALS stærðfræðihandbókum og komu erlends sérfræðings til landsins.

Hugmyndafræði verkefnisins:

- Leitast er við að halda kostnaði niðri
- Áhersla er á að starfandi kennarar þjálfí aðra kennara í verklagi, í stað þess að einblína einungis á fræðslu og fyrirlestra
- Kennsla á námskeiðum er lyftistöng fyrir kennarana/sérfræðingana
- Ráðgjöf og eftirfylgni á Facebook
- Samfélög sem læra á öllum skólastigum
- Starfendarannsóknir
- Stefna skóla og eldhugar
- Rannsóknir og samstarf við háskólastigið

Leitast við að halda kostnaði vegna námskeiðshalds, gerð námskeiðsgagna og handbóka í lágmarki þar sem verkefnið er ekki unnið í hagnaðarskygni.

Áhersla er lögð á að starfandi kennarar þjálfí aðra kennara í verklagi, í stað þess að einblína á fræðslu og fyrirlestra.

SÍSL verkefninu ætlað að vera eins konar lyftistöng fyrir kennarana sem kenna á námskeiðunum sem haldin eru á þess vegum. Þeim er þannig gefið tækifæri til að verða sérfræðingar í aðferðum PALS, 6+1 vídd ritunar og greinabundinnar íslenskukennslu (e. Academic Vocabulary). Í kjölfar námskeiða sjá þeir um eftirfylgni og veita þátttakendum ráðgjöf á Facebook-síðum verkefnisins.

Tilraun er gerð til að mynda samfélag sem lærir og er þá átt við að ekki færri en fjórir til fimm kennarar skóla sæki SÍSL námskeiðin samtímis og hafi í kjölfarið stuðning hvor af öðrum þegar þeir innleiða aðferðirnar á vettvangi skólanna sinna.

Á vefsíðu verkefnisins er jafnframt svokölluð SÍSL bók sem er skráningartæki fyrir starfendarannsóknir þátttakenda í PALS og 6+1 vídd ritunar.

Skólarnir eru hvattir til gera aðferðir SÍSL verkefnisins sýnilegar í stefnu skólanna og hafa á sínum snærum eldhuga sem halda utan um aðferðirnar og gæta þess að þær fýrnist ekki, þeim sé viðhaldið og það séu virk samskipti á milli kennaranna sem nota þær.

Stefnt er að rannsóknum á árangri aðferðanna sem SÍSL sér um að útbreiða í íslensku skólasamfélagi. Rannsóknirnar færu fram í samstarfi við háskólastigið.

Nánari upplýsingar um hina ýmsu þætti verkefnisins má nálgast hér:

<http://tungumalatorg.is/sisl/>

http://www.inntv.is/Horfa_a_thaetti/Frumkvodlar/?play=99573403

<http://skemman.is/item/view/1946/19837>

<http://skemman.is/item/view/1946/7653>

<http://www.visir.is/lestur-sem-hentar-ollum-nemendum/article/2012708279973>

http://issuu.com/kennarasamband/docs/skolavardan_1tbl_14arg_2014_ny?e=10593660%2F7867180 (á bls. 24)

http://isl.khi.is/verkefni/SISL/efni/skjol/PALS/mat_throunarverkefnid_SISL.pdf

SÍSL námskeiðin hafa verið styrkt af Endurmenntunarsjóði grunnskóla og gerð handbókarinnar í 6+1 vídd ritunar var styrkt af Þróunarsjóði námsgagna.